

07. fundur. Aukafundur Nefndar Oddvita og sveitarstjóra í Árnesþingi (NOS)

Haldinn á Borg í Grímsnesi 30 apríl 2015.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hvergerði setti fundinn kl 11:00 og bauð gesti velkomna.

1. Skýrsla Skóla- og velferðarþjónustu liðins starfsárs.

María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri tók til máls. María gaf Hrafnhildi Karlsdóttur teymisstjóra Skólaþjónustu orðið. Sagði Hrafnhildur frá störfum þjónustunnar.

Alls stunda 1350 nemendur nám á þjónustusvæðinu í 14 skólum. Mál og viðfangsefni skólaþjónustunnar eru fjölbreytt. Mál vegna frávika í þroska og hegðun einstaklinga eru nokkuð fyrirferðamikil að sögn Hrafnhildar. Hún sagði að málum sem send eru til sálfræðinga hafi fjölgað að undanfögnu. Oft taki langan tíma að loka málum. Allmörg mál séu í stöðugri eftirfylgd. Beðið er eftir að nýr sálfræðingur taki til starfa. Á síðasta ári voru 8 kennsluráðgjafamál unnin af sérfræðingum teymisins í grunnskólum og 17 í leikskólum. Skólamál á þjónustusvæðinu eru að mati Hrafnhildar í heildina séð í góðum farvegi.

Hvað faglegar áherslu varðar þá leggur Skólaþjónustuteymið til kennslufræðileg úrræði á svæðinu þar sem þess er óskað. Nemendur eru skoðaðir útfrá öllum mögulegum aðstæðum og eru gögn sem af því leiða notuð til úrræða. Teymið leggur til heildstæða ráðgjöf sem tekur á öllum þáttum skólastarfs. Lagt er uppúr því að nota aðferðir sem eru viðurkenndar og vitað er að hafi skilað árangri. Ör stjórnendaskipti hafa verið á svæðinu að sögn Hrafnhildar. Á næsta vetri verður lögð áhersla á að styðja vel við nýja skólastjóra á svæðinu.

Meðal annarra verkefna skólaþjónustunnar eru umsjón með Stóru upplestrarkeppninni, kynningar fyrir fræðslunefndir og skipulag á ýmsum námskeiðum. Starfsfólk skólaþjónustunnar er dreift um þjónustusvæðið. Hrafnhildur lagði áherslu á að æskilegt væri að starfsfólkið yrði staðsett í framtíðinni á einni starfsstöð.

2. Drög að fjárhagslegu uppgjöri 2014.

María Kristjánsdóttir tók til máls. Hún lagði fram til kynningar og fór yfir rekstrartölur Skólaþjónustu og Velferðarþjónustu hins vegar. Auk skiptingar kostnaðar. Útgjöld vegna Velferðarþjónustu námu 20.354.753 kr.

Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 18.070.000 kr. Útgjöld vegna Skólaþjónustu nema 34.428.468 kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 40.582.000 kr. Reikningar Skóla- og velferðarþjónustu verða lagðir fram til samþykktar á fundi á komandi hausti.

3. Húsnæðismál Skólaþjónustunnar.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og ræddi um útreikning kostnaðar vegna nýs húsnæðis fyrir starfsemina í Sunnumörk 2 í Hveragerði við hlið Bæjarskrifstofu. Reitir ehf er tilbúin til að leiga 65 m² skrifstofu til skamms tíma eða 10 mánaða fyrir 1.100 kr pr m² á mánuði. Áætlaður kostnaður pr. Ár er 2.067.096 kr. Leiga rafmagn, hússjóður, ræsting og símkerfi. Kaup á búnaði er áætlað að kosti 800.000 kr. Aldís fór yfir skiptingu kostnaðarins milli aðildarsveitarfélaganna.

Hrafnhildur Karlsdóttir lagði áherslu á að með því að starfsfólk Skólaþjónustunnar yrði með starfsstöð á einum og sama stað yrði starf þjónustunnar markvissara og faglegra. Meðal ókosta þess að vera á mörgum stöðum væri auk þess óviss staðsetning trúnaðargagna.

María Kristjánsdóttir benti á að ekki væri ástæða til að starfsmenn Velferðarþjónustunnar yrðu staðsettir á einum stað.

Ragnar Magnússon Hrunamannahreppi tók undir með Hrafnhildi um að æskilegt væri að Skólaþjónustan yrði staðsett á einum stað. Sveinn Steinarsson Ölfusi þakkaði fyrir góðan rökstuðning fyrir því að starfsfólk þjónustunnar yrði með starfsstöð á einum stað. Hann taldi þó miður að Ölfus missti þann starfsmann sem verið hefur með vinnuástöðu á bæjarskrifstofum þar.

Guðmundur Oddgeirsson Ölfusi sagðist skilja vel rökin fyrir því að hafa starf skólaþjónustunnar á einum stað. Skafti Bjarnason tók í sama streng og mælti með að gerð yrði tilraun til að setja starfsemina á sama stað. Helgi Kjartansson í Bláskógabyggð og Árni Eiríksson í Flóahreppi tóku í sama streng og sögðust hlynntir því að starfsemin yrði sett á sama stað og þökkuðu menn góða upplýsingagjöf um Skólaþjónustuna. Sveinn hvatti til þess að reynt yrði að setja inn ákvæði um að leiga húsnæðisins yrði hagstæð til lengri tíma.

Samþykkt var samhljóða að Skóla- og velferðarþjónustan gangi til samninga við Reiti ehf um leigu á umræddu húsnæði við Sunnumörk 2 í Hveragerði. Aldísi Hafsteinsdóttur falið að vinna að framvindu þeirra mála.

4. Kosning endurskoðanda.

Aldís Hafsteinsdóttir ræddi um samþykktir Skóla- og velferðarþjónustunnar og sagði að í samþykktunum kæmi fram að kjósa þurfi endurskoðanda fyrir samlagið og skuli hann leggja fram ársreikninga hverju sinni. Rætt var um skilatíma ársreiknings. Samþykkt var samhljóða að óska eftir að Ólafur Gestsson löggiltur endurskoðandi hjá PwC taki að sér að gerast endurskoðandi fyrir Skóla- og Velferðarþjónustuna.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl 12:20.